

Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA haldinn 21. júní 2024

Fundurinn haldinn á Vopnafirði og hófst kl. 12:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson og Þórdís Mjöll Benediktsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

Gestir: Valdimar Hermannson, sveitarstjóri Vopnafjarðar, og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi.

Boðuð forföll: Þuríður Lillý Sigurðardóttir.

Dagskrá

Fundargerð SSA [nr. 21](#) (til kynningar)

1. Umsagnir

- Umsögn SSA um drög að flokkun fimm virkjunarkosta, mál nr. S-114/2024 var til umfjöllunar.
- Stjórn samþykkti að senda umsögn SSA inn í samráðsgátt stjórnvalda og fól framkvæmdastjóra að fylgja því eftir.

2. Ályktun vegna bílastæðagjalda við Egilsstaðaflugvöll

- SSA vill ítreka fyrri ályktun sína og leggst alfarið gegn gjaldtöku vegna bílastæða við Egilsstaðaflugvöll. Að mati SSA er gjaldið landsbyggðarskattur sem leggst ofan á há fargjöld íbúa Austurlands sem þurfa að sækja margþætta þjónustu til höfuðborgarinnar. Margir sem nýta sér innanlandsflug búa langt í burtu frá flugvellið og eiga því ekki annan kost en að greiða þessi bílastæðagjöld. SSA fer því fram á það að ef halda á gjaldtökunni til streitu í óþökk heimamanna þá verði tímaramminn rýmkaður til muna og verði a.m.k. nokkrir sólarhringar.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að koma ályktuninni á framfæri við viðeigandi ráðuneyti og Ísavia.

3. Erindi frá umhverfis- og framkvæmdaráði Múlapings

- Umhverfis- og framkvæmdaráð hvetur samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og Norðurlandi eystra (SSNE) til að þrýsta á að undirbúningur og framkvæmdir við nýja brú á Jökulsá á Fjöllum verði fram haldið nú þegar. Ný brú komi í stað einbreiðrar hengibrúar frá 1947 eins og áformað hefur verið í langan tíma. Ný brú var komin að útboði þegar stórt jakaflóð setti verkefnið í uppnám. Þó svo að brúin yfir Jökulsá á Fjöllum sé ekki í Múlapingi, þá er hún í N-Austurkjördæmi og mikilvægur hlekkur í samgöngukerfi Austurlands. Brúin er háð þungatakmörkunum og farin að hafa áhrif á þungaflutninga verktaka og innflutning til

Austurlands með tekjutapi fyrir Austurland og hefur jafnframt neikvæð áhrif á kolefnisspor Íslands. Dæmi eru um að þungaflutningar þurfi að sneiða hjá Lagarfliótsbrú og Jökulsá á Fjöllum og velja lengri leið svo tugum kílómetrum skipti, við að koma þungum farmi frá Austurlandi norður í land.

Stjórn SSA tekur undir mikilvægi þess að þrýsta á undirbúning og framkvæmdir við nýja brú á Jökulsá á Fjöllum og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram með SSNE.

4. Tilnefning í hreindýraráð

- Sveitarfélög á Austurlandi þurfa sameiginlega að skipa í hreindýraráð, ásamt sveitarfélaginu Höfn. Komin beiðni frá Múlaþingi, Fjarðabyggð, Vopnafirði, Fljótsdalshreppi og Höfn að SSA taki þetta að sér að venju.

Samþykkt af stjórn SSA að Fljótsdalshreppur skipi nú í hreindýraráð. Gunnþórunn Ingólfssdóttir verði aðalfulltrúi og Jóhann F. Þórhallsson varamaður

Stjórn samþykkti að sveitarfélögin á Austurlandi skipti þessu hlutverki milli sín í eftirfarandi röð framvegis: Fljótsdalur – Vopnafjörður – Múlaþing – Fjarðabyggð

Framkvæmdastjóra falið að tilkynna sveitarfélögunum og ráðuneyti umhverfis,- orku- og loftslagsmála um tilnefninguna.

5. Úttekt á fjarskiptamálum á Austurlandi

- Tekið fyrir tilboð frá Gagna efh. fyrir Austurbrú varðandi úttekt á stöðu fjarskiptamála á Austurlandi í samræmi við aðgerðir haustþings 2023
- Sjá sambærilegar úttektir sem voru unnar fyrir [Vestfjarðarstofu](#) og [SSV](#)

Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort hægt sé að fara í þessa könnun svo það falli innan kostnaðaráætlunar þessa árs.

6. Uppsagnir á leið í almenningsamgöngum Vegagerðarinnar á Austurlandi

- Vegagerðin hefur tilkynnt að ekki verði áfram boðnar út leiðir á vegum Vegagerðarinnar innan sveitarfélaga. Nú þegar hefur verið tilkynnt að leiðin milli Egilsstaða og Borgarfjarðar verði ekki boðin út aftur.
- SSA mótmælir uppsögn Vegagerðarinnar á almenningsamgönguleið milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystri á þeim grundvelli að um sé að ræða akstur innan sama sveitarfélags. Það er illskiljanlegt að sama ráðuneyti hvetji sveitarfélög til að sameinast en taki svo af þeim þjónustu fyrir vikið líkt og raunin er hér. Almenningsamgöngukerfi á Austurlandi er veikt og ætti frekar að leita leiða í samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu að styrkja kerfið og um leið gera það notendavænna.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við innviðaráðuneytið.

7. Fundur með fulltrúum Vopnafjarðarhrepps

- Valdimar Hermannsson sveitastjóri Vopnafjarðarhrepps og Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir sveitastjórnarfulltrúi komu inn á fundinn. Valdimar fór yfir það sem er efst á baugi hjá

sveitarfélaginu ásamt Aðalbjörgu og Axel sveitastjórnarfulltrúum Vopnafjarðarhrepps. Líflegar umræður sköpuðust um málefnið. SSA þakkar Vopnfirðingum kærlega fyrir góðar móttökur og áhugavert samtal.

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum

8. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- 12 mál í [samráðsgátt](#).

9. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SASS, fundur [nr. 610](#)
- SSH, fundur [nr. 579](#)
- SSS, fundir [nr. 800, 801, 802](#)
- SSV, [55. aðalfundur](#)
- SSNV, fundir nr. [107, 108, 109](#)
- SSNE, [ársþing](#), fundur nr. [63](#)
- Sambandið, fundir nr. [947 og 948](#)

10. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri sagði frá ferð formanns SSA og framkvæmdastjóra á Vestfirði 13. – 14. júní þar sem fundað var með hinum landshlutasamtökunum. SSA þakkar Vestfirðingum fyrir gestrisni og gott skipulag sumarfundarins.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Axel Örn Sveinbjörnsson

Eypór Stefánsson

Þórdís Mjöll Benediktsdóttir

Stefán Þór Eysteinnsson